

L Ö G

um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Sveitarfélög annast heilbrigðiseftirlit hvert fyrir sig með þeim undantekningum, sem ákveðnar kunna að vera í sérstökum lögum og reglum, en yfirstjórn heilbrigðiseftirlitsins í landinu skv. þessum lögum er í höndum ráðherra heilbrigðismála.

2. gr.

Heilbrigðisnefnd skal vera í hverju sveitarfélagi landsins. Með leyfi ráðherra er þó sveitarfélögum heimilt að sameina undæmi heilbrigðisnefnda, þannig að það nái yfir tvö eða fleiri sveitarfélög.

Sveitarstjórn ákveður tölu heilbrigðisnefndarmanna, en þó skulu ekki færri en 3 menn eiga sæti í nefndinni.

Heilbrigðisnefnd skal kosin af sveitarstjórn til 4 ára í senn að afloknum hverjum almennum sveitarstjórnarkosningum. Um kosningatilhögun heilbrigðisnefndar samkvæmt 2. málsl. 1. málsg. skulu vera ákvæði í samningum sveitarfélaga um sameiningu undæma.

Sveitarstjórn kýs formann heilbrigðisnefndar úr hópi nefndarmanna.

3. gr.

Heilbrigðisnefndir skulu sjá um, að framfylgt sé ákvæðum laga þessara, heilbrigðisreglugerðar, svo og heilbrigðissamþykkt einstakra sveitarfélaga, ef til eru, og sömuleiðis ákvæðum í sérstökum lögum eða reglum, sem heilbrigðisnefndum er falið að annast um framkvæmdir á.

Heilbrigðisnefnd er heimilt að stöðva starfrækslu eða notkun, ef skilyrðum laga, heilbrigðisreglugerðar eða heilbrigðissamþykktar eða fyrirmælum heilbrigðisnefndar samkvæmt heimildum í þeim ákvæðum er ekki fullnægt um starfræksluna eða húsnæði það, land eða tæki, sem notað er.

Almennar fyrirskipanir og áminningar varðandi framkvæmd heilbrigðisreglugerðar eða heilbrigðissamþykktar birtir heilbrigðisnefnd á þann hátt, sem títt er að birta opinberar auglýsingar á þeim stað, sem í hlut á.

4. gr.

Sveitarstjórn skal ávallt leita umsagnar heilbrigðisnefndar um hvers konar ráðstafanir eða framkvæmdir, er varða heilbrigðismál á einn eða annan hátt.

5. gr.

Héraðslæknir (í Reykjavík borgarlæknir eins og annars staðar í lögum þessum, þar sem vikið er að héraðslæknum) er faglegur ráðunautur heilbrigðisnefndar. Hann getur krafizt þess, að heilbrigðisnefndarfundur sé haldinn, þegar honum þykir þörf, og sömuleiðis getur hann krafizt þess, að mál séu tekin á dagskrá og til meðferðar á fundum.

Héraðslækni er skylt að sitja heilbrigðisnefndarfundi í því sveitarfélagi, þar sem hann er búsettur, þótt hann eigi ekki sæti í nefndinni, og heimilt er honum að sitja fundi allra heilbrigðisnefnda í læknishéraði hans. Á fundum hefur hann málfrelsi og tillögurétt. Skal tilkynna honum í tækan tíma stund, stað og dagskrá hvers fundar. Nú situr héraðslæknir ekki heilbrigðisnefndarfund, og skal þá senda honum afrit af fundargerð þegar að fundi loknum.

6. gr.

Héraðsdýralækni skal gefinn kostur á að sitja heilbrigðisnefndarfund, þegar formaður eða héraðslæknir telja þess þörf, og hefur hann þar málfrelsi og tillögurétt.

7. gr.

Í hverjum kaupstað með 10 000 íbúum eða fleiri skal ráða heilbrigðisfulltrúa, sem er sérmenntaður í heilbrigðiseftirliti, einn eða fleiri eftir íbúafjölda, þannig að ekki komi að jafnaði fleiri en 15 000—16 000 íbúar á einn og sama fulltrúa. Ef ekki er völ á sérmenntuðum manni, getur landlæknir þó heimilað, að ráðinn sé annar maður í starfið um stundarsakir, eða þar til völ er á sérmenntuðum manni. Starf heilbrigðisfulltrúa samkvæmt þessari málsg. skal teljast fullt starf.

Í hverjum kaupstað með færri en 10 000 íbúum og í hverjum kaптúnshreppi, þar sem 800 manns eða fleiri eru búsettir í kaптúninu, skal ráða heilbrigðisfulltrúa, og ákveður sveitarstjórn daglegan eða vikulegan starfstíma hans.

Í öðrum sveitarfélögum en þeim, sem um getur í 1. og 2. málsg. þessarar greinar, skal ráða heilbrigðisfulltrúa með sama hætti og segir í 2. málsg., þegar sveitarstjórn ákveður, að fengnum tillögum heilbrigðisnefndar.

Heimilt er sveitarfélögum með samningi að sameinast um heilbrigðisfulltrúa, en ekki mega að jafnaði koma fleiri en 15 000—16 000 íbúar á einn og sama fulltrúa.

Sveitarstjórn ræður heilbrigðisfulltrúa að fenginni tillögu heilbrigðisnefndar og umsögn héraðslæknis og setur honum erindisbréf með ráði sömu aðila. Laun hans skulu greidd úr sveitarsjóði.

Áður en ráðinn er heilbrigðisfulltrúi samkvæmt 1. málsg. þessarar greinar, skal leita álits landlæknis um undirbúningsmenntun umsækjenda, og má ráða þann einn, sem er sérmenntaður til slíks starfs að dómi hans, sbr. þó annan málsl. 1. málsg.

Heilbrigðisfulltrúi situr fundi heilbrigðisnefndar skv. ákvæðum í heilbrigðisreglugerð og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

Heilbrigðisfulltrúi annast, undir umsjón héraðslæknis, alla daglega eftirlitsstarfsemi fyrir hönd heilbrigðisnefndar samkvæmt nánari fyrirmælum erindisbréfs.

Þar sem heilbrigðisfulltrúi er ekki, skipta heilbrigðisnefndarmenn eftirlitsstarfsemi með sér undir umsjón héraðslæknis og eftir nánari ákvörðun formanns heilbrigðisnefndar.

8. gr.

Ríkið starfrækir stofnun, sem nefnist Heilbrigðiseftirlit ríkisins. Skal það skipað forstöðumanni (yfirlækni, ef um lækni er að ræða) og fyrst í stað tveimur heilbrigðisráðunautum honum til aðstoðar. Heimilt skal að fjölga ráðunautum eftir tillögum landlæknis, þegar fé er veitt til þess á fjárlögum.

Heilbrigðiseftirlit ríkisins hefur aðalaðsetur í Reykjavík, en þegar heilbrigðisráðunautum verður fjölgað skv. heimildarákvæði 1. málsg. þessarar greinar, er ráðherra heimilt að ákveða einum ráðunaut a. m. k. aðsetur í hverjum hinna

þriggja landshluta, Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi. Ekki skulu þó færri en tveir ráðunautar, auk forstöðumannsins, hafa aðsetur í Reykjavík.

Ráðherra skipar forstöðumann (yfirlækni) Heilbrigðiseftirlitsins og heilbrigðisráðunauta, að fengnum tillögum landlæknis, sem leitar áliis prófessorsins í heilbrigðisfræði við Háskóla Íslands. Forstöðumaðurinn skal vera læknir eða dýralæknir með sérmenntun í heilbrigðisfræði, maður með háskólaprófi í heilbrigðisfræði eða maður með aðra háskólamenntun, er fullnægir kröfum um sérþekkingu í heilbrigðiseftirliti að mati ráðherra. Heilbrigðisráðunautar skulu hafa aflað sér þeirrar undirbúningsmenntunar, sem ráðherra metur gilda.

Heilbrigðiseftirlit ríkisins hefur, undir stjórn landlæknis, yfirumsjón með heilbrigðiseftirlitinu í landinu samkvæmt þessum lögum, heilbrigðisreglugerð og þeim ákvæðum annarra laga og reglna, er hollustuhætti varða og heilbrigðisnefndum ber að sjá um framkvæmdir á. Það er til ráðuneytis yfirstjórn heilbrigðismála, heilbrigðisnefndum og öðrum opinberum aðilum, er um heilbrigðiseftirlit fjalla. Það skal stuðla að því, að haldið sé uppi skipulegri fræðslu um hreinlætishætti fyrir þá, sem fást við matvæli og aðra neyzluvöru. Ráðherra setur forstöðumanni og heilbrigðisráðunautum starfsreglur.

Forstöðumaður Heilbrigðiseftirlitsins og heilbrigðisráðunautar eiga rétt til setu á fundum heilbrigðisnefnda og hafa þar málfrælsi og tillögurétt.

9. gr.

Ráðherra setur með ráði landlæknis heilbrigðisreglugerð, og gildir hún fyrir öll sveitarfélög landsins, eftir því sem við getur átt. Skal tekið fram í reglugerðinni, að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er til að taka af tvímæli, hvaða ákvæði hennar gilda einungis fyrir þéttbýli (skipulagsskylda staði) og hver einungis fyrir dreifbýli. Heilbrigðiseftirlit ríkisins gerir tillögur um endurskoðun heilbrigðisreglugerðar.

Heimilt er að setja sérstakar heilbrigðissamþykktir, er gilda fyrir einstök sveitarfélög: a) um þætti, sem ekki eru ákvæði um í heilbrigðisreglugerð, enda sé þá gætt ákvæða fyrri málsg. 11. greinar, b) til að gera um einstök atriði ríkari kröfur en gerðar eru í heilbrigðisreglugerð. Hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd semur með aðstoð héraðslæknis, og ef með þarf annarri sérfræðilegri aðstoð, frumvarp að heilbrigðissamþykkt og frumvarp til breytinga á henni og leggur fyrir hlutaðeigandi sveitarstjórn. Þegar sveitarstjórn hefur samþykkt frumvarpið, afgreiðir hún það til ráðherra, er staðfestir það eða synjar því staðfestingar, að fengnum tillögum landlæknis. Nú er frumvarpi synjað staðfestingar, og endursendir þá ráðherra frumvarpið til sveitarstjórnar með leiðbeiningum um, hverjar breytingar þurfi að gera á því, til þess að það geti hlotið staðfestingu.

Heilbrigðisreglugerð og staðfestar heilbrigðissamþykktir skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

10. gr.

Í heilbrigðisreglugerð skulu vera almenn ákvæði um:

1. valdsvið, skyldur og starfstilhögun heilbrigðisnefndar;
2. hreinlæti og þrifnað utan húss, svo sem á torgum, götum eða öðrum alfara-leiðum, opnum eða umgirtum svæðum í þéttbýli, fjörum, hafnarbökkum og bryggjum, gördum og lóðum kringum hús, hvort sem eru opinber eign eða einstakra manna;
3. vatnsveitur, vatnsból, salerni og frárennsli;
4. hirðingu á sorpi og hvers kyns öðrum úrgangi;
5. meindýr hvers konar, svo og ónytjadýr í óskilum;
6. íbúðarhúsnæði;

7. vinnustöðvar úti og inni, svo sem verksmiðjur hvers konar, verkstæði eða vinnustofur fyrir iðnað, sláturhús, frystihús, útgerðar- og fiskverkunarstöðvar, matvælagarðar(vinnslu)-stöðvar, verzanir hvers konar, útisölu, vörugeymslur, verbúðir og verkamannaskýli, afgreiðslustöðvar flutninga- og farartækja, þvottahús, skrifstofur, bókasöfn og annað tilsvarendi;
8. gistihús, matsöluhús og aðra veitingastaði;
9. skóla og aðra kennslustaði;
10. rakarastofur, hárgreiðslustofur og hvers konar aðrar snyrtistofur;
11. barnaheimili, þ. á m. sumardvalarheimili, upptökuheimili svo og leikvelli;
12. heilbrigðisstofnanir skv. sjúkrahúsálögum, heilsuverndarstöðvar, fávítahæli og tilsvarendi, lyfjabúðir og lækningastofur;
13. íþróttastöðvar, íþróttahús, sundhallir, almenn baðhús, gufubaðstofur, almenna baðstaði og því um líkt;
14. fangelsi og aðrar vistarverur handtekinna manna;
15. kirkjur og hvers konar samkomuhús;
16. kirkjugarða, líkhús og bálstofur, svo og meðferð líka;
17. báta og skip, vélknúin ökutæki, flugvélar o. s. frv.;
18. gripahús, svo og meðferð og gæzlu húsdýra, þ. á m. hunda;
19. eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum, svo og um húsakynni og tæki til matvælaframleiðslu, matvælaíðnaðar, matvælageymslu og matvæladreifingar, sbr. og 7. lið;
20. þáttöku heilbrigðisnefnda í sóttvörnum.
Enn fremur er heimilt að setja ákvæði um:
21. hávaða, hvort heldur af starfrækslu hvers konar eða umferð á landi eða í lofti;
22. loftmengun.
23. Heilbrigðisreglugerð skal ljúka með því að kveða á um heimild til að veita undanþágur frá reglugerðinni og hvaða takmörkunum slík heimild skuli háð.

11. gr.

Nú þykir ástæða til að kveða á um atriði í heilbrigðisreglugerð eða heilbrigðissamþykktum, sem ekki verður heimfært undir neinn tölulið 10. greinar, og skal þá heimilt að taka atriðið upp í reglugerðina eða samþykktina, enda sé það samþæilegt við þau atriði, sem hér eru talin upp.

Ákvæði heilbrigðisreglugerðar og heilbrigðissamþykktu skulu ætíð vera í sem fyllstu samræmi við ákvæði í sérstökum lögum eða reglum um sama efni og aldrei vægari en þau.

12. gr.

Ef ágreiningur ris milli heilbrigðisnefndar og sveitarstjórnar um tilhögun eða framkvæmd heilbrigðisráðstöfunar, skulu aðilar leggja málið fyrir Heilbrigðiseftirlit ríkisins. Nú tekst því ekki að miðla málum, og má þá leita úrskurðar ráðherra. Sömu málsmeðferð má hafa, ef héraðslæknir eða héraðsdýralæknir fá ekki framgengt þeim heilbrigðisráðstöfunum, sem þeir telja nauðsynlegar.

13. gr.

Nú telur landlæknir nauðsyn á heilbrigðisráðstöfun, sem varðar almenningsheill, en hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd fæst ekki til að láta málið til sín taka eða gengur ekki nægilega ríkt eftir framkvæmdum, og er þá ráðherra heimilt, að fengnum tillögum landlæknis, að gefa út fyrirmæli um framkvæmd ráðstöfunarinnar. Í slíkum tilvikum skal landlæknir jafnan ráðgast við Heilbrigðiseftirlit ríkisins, svo fremi að honum hafi ekki þegar borizt tillögur þess um málið.

Nú telur Heilbrigðiseftirlit ríkisins, að svo alvarleg hættu stafi af tiltekinni starfrækslu eða notkun, að aðgerðir þoli enga bið, og er því þá heimilt til bráðabirgða að stöðva starfræksluna eða notkunina, en tilkynna skal það tafarlaust hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd. Nú fellst heilbrigðisnefndin ekki á ráðstöfunina, og skal þá Heilbrigðiseftirlitið, er heilbrigðisnefnd hefur skriflega tilkynnt því ágreininginn, skjóta málinu til úrskurðar ráðherra. Ein greinargerð frá hvorum aðila skal fylgja málsskotinu. Frestur heilbrigðisnefndar til málsskots skv. þessari málsg. skal vera 1 vika, frá því er henni berst tilkynningin, en innan viku þar frá skal Heilbrigðiseftirlitið hafa afgreitt skjöl málsins til ráðherra. Málsskotið frestar ekki upphaflegri ákvörðun Heilbrigðiseftirlitsins.

14. gr.

Nú er öðrum aðila eða aðilum en heilbrigðisnefnd falið með sérstökum lögum eftirlit með starfrækslu, stofnun eða notkun, sem þessi lög taka til, og fara fyrir-mæli þess eða þeirra aðila í bág við fyrir-mæli heilbrigðisnefndar, og reynast til-raunir til samræmingar fyrir-mælanna árangurslausar, og skal þá leggja málið fyrir landlækni, sem sker úr um ágreininginn. Nú sættir annar hvor aðili sig ekki við úrskurðinn, og má hann þá skjóta málinu til ráðherra til fullnaðarúrskurðar.

15. gr.

Heilbrigðiseftirliti ríkisins, héraðslæknum, heilbrigðisnefndum og heilbrigðis-fulltrúum skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits að öllum þeim stöðum, þar sem fram fer starfræksla eða notkun, sem ákvæði 10. gr. fjalla um.

16. gr.

Rannsóknarstofnanir ríkisins skulu annast nauðsynlegar rannsóknir á sýnishornum vegna heilbrigðiseftirlits skv. lögum þessum. Þó er sveitarfélögum heimilt að láta rannsaka sýnishorn á öðrum rannsóknarstofnunum, enda hafi ráðherra úrskurðað þær fullgildar til slíkra rannsókna.

17. gr.

Fyrir brot gegn lögum þessum, heilbrigðisreglugerð, heilbrigðissamþykktum einstakra sveitarfélaga eða fyrir-mælum gefnum samkvæmt þeim ákvæðum skal refsa með sektum, en með varðhaldi, ef miklar sakir eru.

Ef aðili sinnir ekki innan tiltekins frests fyrir-mælum heilbrigðisnefndar, getur hún ákveðið honum dagsektir, allt að 2000 krónum, þar til úr er bætt. Dagsektir renna í sveitarsjóð. Ef nokkur vanrækir að vinna verk, sem heilbrigðisnefnd hefur fyrirskipað samkvæmt heilbrigðisreglugerð eða heilbrigðissamþykkt, er nefndinni heimilt að láta vinna verkið á kostnað hins vinnuskylda. Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sveitarsjóði, en innheimta síðan hjá hlutaðeiganda.

Kostnað og dagsektir samkvæmt 2. málsg. má innheimta með lögtaki.

18. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, heilbrigðisreglugerð eða heilbrigðissamþykktum, skal farið að hætti opinberra mála.

19. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1970. Með gildistöku þeirra falla úr gildi lög nr. 35/1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir, og lög nr. 19/1962, um breytingu á þeim lögum. Einnig falla úr gildi fyrri málsl. 2. málsg. 7. gr. laga nr. 24/1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum, og 19. gr. laga nr. 53/1963, um veitingasölu, gististaðahald o. fl., svo og annað í síðast

nefndum lögum og öðrum lögum, er fer í bág við þessi lög. Starfsemi sú, er ofangreind ákvæði laga nr. 24/1936 og laga nr. 53/1963 fjalla um, skal þó ekki niður falla, fyrr en fullnægt er fyrsta málsl. 1. málsgr. 8. gr. þessara laga.

Þar til sett verður heilbrigðisreglugerð samkvæmt ákvæðum laga þessara, skulu staðfestar heilbrigðissamþykktir einstakra sveitarfélaga halda gildi sínu, en við gildistöku heilbrigðisreglugerðar falla þær úr gildi.

Gjört í Reykjavík, 17. marz 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.

17. marz 1969.

Nr. 13.

L Ö G

um Þjóðskjalasafn Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Þjóðskjalasafn Íslands er ríkisskjalasafn og lýtur yfirstjórn menntamálaráðuneytisins.

Kostnaður við rekstur þess greiðist úr ríkissjóði samkvæmt árlegu framlagi í fjárlögum.

2. gr.

Hlutverk Þjóðskjalasafns Íslands er:

1. að annast innheimtu og varðveislu á öllum þeim skjalasöfnum opinberra embætta og stofnana ríkisins, sem orðin eru afhendingarskyld samkvæmt gildandi reglugerð um Þjóðskjalasafn á hverjum tíma;
2. að skrásetja öll afhent skjalasöfn, hvert um sig, og gefa út prentaðar eða fjölritaðar skrár um þau til leiðbeiningar við notkun þeirra;
3. að safna öðrum skráðum heimildum þjóðarsögunnar innan lands og utan, þar með ljósritum slíkra heimilda, sem finnast í erlendum skjalasöfnum;
4. að halda opnum lestrarsal fyrir almenning, þar sem hægt sé að sinna fræðistörfum og færa sér varðveitt skjöl og heimildir skjalasafnsins í nyt.

3. gr.

Forseti Íslands skipar þjóðskjalavörð. Þjóðskjalavörður annast daglega stjórn Þjóðskjalasafns, en hefur jafnframt á hendi yfirumsjón með héraðsskjalasöfnum, sbr. lög nr. 7 12. febrúar 1947, um héraðsskjalasöfn.

Menntamálaráðherra skipar skjalaverði og aðra starfsmenn safnsins, að fengnum tillögum þjóðskjalavarðar. Um tölu þeirra fer eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

4. gr.

Laun þjóðskjalavarðar, skjalavarða og annarra fastra starfsmanna skulu ákveðin á sama hátt og laun annarra opinberra starfsmanna.